

Lög Bandalags háskólamanna

Samþykkt á aðalfundi 23. maí 2019 og framhaldsaðalfundi 20. júní 2019

I. kafli: HLUTVERK

1.0. Heiti

Bandalag háskólamanna, skammstafað BHM, er heildarsamtök stéttar- og fagfélaga háskólamenntaðra á vinnumarkaði. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

1.1. Hlutverk BHM er að:

- efla aðildarfélög bandalagsins og starf þeirra í því skyni að stuðla að gagnkvæmum stuðningi og samstöðu um hagsmuni háskólamenntaðra á vinnumarkaði og efla þekkingu þeirra á réttinda- og kjaramálum á vinnumarkaði
- móta sameiginlega stefnu aðildarfélaga í hagsmunamálum þeirra
- semja um sameiginleg hagsmuna- og réttindamál félagsmanna aðildarfélaga samkvæmt umboði og vera aðildarfélögum til fulltingis við gerð kjarasamninga og standa vörð um hagsmuni félagsmanna gagnvart stjórnvöldum og löggjafarvaldi
- vinna reglubundna greiningu á launapróun á vinnumarkaði til undirbúnings kjaraviðræðna og upplýsa aðildarfélög þar um
- hafa frumkvæði að umræðu um háskólamenntun og stöðu háskólamenntaðra á vinnumarkaði og gæta hagsmuna háskólamanna alla starfsævina, námsárin meðtalin
- eiga samstarf við systursamtök háskólamenntaðra og önnur sambærileg samtök erlendis

II. kafli: AÐILD

2.0. Aðildarskilyrði

Öll hagsmunatengd félög og/eða stéttarfélög háskólamenntaðra, sem uppfylla skilyrði þessara laga, geta átt aðild að BHM.

Meirihluti félagsmanna aðildarfélags skal hafa lokið bakkalár-gráðu eða sambærilegu námi. Heimilt er að víkja frá fyrrgreindu skilyrði ef öll nýliðun í hlutaðeigandi fagstétt

uppfyllir nefnd skilyrði. Að jafnaði skal stefnt að því að aðeins eitt félag sömu fagstéttar eigi aðild að BHM.

2.1. Umsókn um aðild

Umsókn um aðild skal berast stjórn BHM minnst þremur mánuðum fyrir aðalfund BHM. Umsókninni skulu fylgja lög viðkomandi félags, upplýsingar um félagatal, menntun félagsmanna og skilyrði fyrir aðild að félaginu.

Umsókn félags um aðild að BHM skal hafa hlotið samþykki aðalfundar þess félags áður en umsóknin er send til BHM.

Stjórn BHM kannar hvort umsóknin uppfyllir skilyrði til aðildar að BHM.

Sé umsóknin fullnægjandi, getur stjórn veitt bráðabirgðaaðild fram að næsta aðalfundi en slík aðild veitir ekki atkvæðis-, kosningarétt né kjörgengi á þeim aðalfundi.

Aðildarumsókn skal lögð fyrir aðalfund og telst aðild fullgild að fengnu samþykki fundarins.

2.2. Skyldur aðildarféлага

Aðildarfélög hafa fullt frelsi um sín innri mál, þannig að samrýmist lögum BHM og samþykktum aðalfundar.

Hvert aðildarfélag skal annast þjónustu við félagsmenn sína meðal annars hvað varðar kjara- og réttindamál.

Aðildarfélögum ber skylda til að upplýsa BHM um starfsemi sína reglulega, s.s. um gerð nýrra kjarasamninga og stofnanasamninga. Aðildarfélag skal árlega senda bandalaginu skýrslu stjórnar að loknum aðalfundi félagsins.

III. kafli: AÐALFUNDUR

3.0. Aðalfundur

Aðalfundur BHM fer með æðsta vald í málefnum bandalagsins.

3.1. Undirbúningur og tímasetning

Aðalfund skal halda fyrir lok maímánaðar ár hvert. Formannaráð undirbýr aðalfund og ákveður dagsetningu hans á fundi í síðasta lagi í febrúarmánuði. Formannaráð ákveður hvaða starfsnefndir starfa á aðalfundi. Stjórn BHM ber ábyrgð á framkvæmd aðalfundar.

3.2. Framboðsnefnd

Framboðsnefnd skal kosin á aðalfundi og skal vera skipuð fimm aðilum og tveimur til vara. Skipunartími framboðsnefndar er milli aðalfunda BHM. Nefndarmenn skulu vera fullgildir meðlimir aðildarfélaga BHM.

Stjórn BHM kallar nefndina saman að jafnaði innan mánaðar frá aðalfundi BHM. Á fyrsta fundi skiptir nefndin með sér verkum.

Hlutverk framboðsnefndar er að auglýsa eftir frambjóðendum í trúnaðarstörf, skv. lögum þessum, m.a. til formanns, varaformanns, stjórnarmanna BHM, nefndarmanna í fastanefndir auk varamanna. Nefndin skal tryggja að framboð séu í samræmi við lög þessi. Komi ekki fram framboð í öll trúnaðarstörf skal nefndin kalla eftir viðkomandi framboðum að nýju og/eða leita til aðildarfélaga eftir framboðum.

Framboðsnefnd starfar eftir sérstökum reglum sem formannráð setur hverju sinni. Framboðsnefnd skilar lista með nöfnum frambjóðenda í kjöri eigi síðar en 10 vikum fyrir aðalfund BHM til kjörstjórnar BHM.

3.3. Fulltrúar á aðalfundi

Á aðalfundi á sæti einn fulltrúi fyrir fyrstu fimmtíu félagsmenn hvers aðildarfélags og tveir félagsmenn fyrir fyrsta hundrað félagsmanna. Auk þess skulu aðildarfélög tilnefna einn fulltrúa fyrir hvert byrjað hundrað félagsmanna umfram eitthundrað.

Listi yfir fulltrúa á aðalfundi BHM, staðfestur af viðkomandi félagi, skal hafa borist skrifstofu BHM eigi síðar en sex vikum fyrir aðalfund. Hver fulltrúi með kjörbréf hefur eitt atkvæði á aðalfundi.

Tala fulltrúa miðast við meðaltalsfjölda félagsmanna síðustu þrjá mánuði fyrir aðalfund.

3.4. Boðun aðalfunda

Boðun á aðalfund skal send með rafrænum hætti til aðildarfélaga með minnst þriggja vikna fyrirvara.

3.5. Efni fundarboða

Í fundarboði skal geta dagskrár en auk þess skulu tillögur uppstillingarnefndar fylgja fundarboðinu. Þá skulu tillögur stjórnar BHM og einstakra aðildarfélaga um breytingar á lögum bandalagsins fylgja fundarboði. Aðrar lagabreytingar verða ekki teknar fyrir.

Öll fundargögn aðalfundar skulu gerð aðgengileg fulltrúum aðildarfélaga BHM eigi síðar en 7 dögum fyrir aðalfund.

3.6. Dagskrá aðalfundar

Á dagskrá aðalfundar skulu vera eftirtaldir liðir:

1. Kosning fundarstjóra og ritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Reikningar BHM
4. Starfsáætlun
5. Ákvörðun árgjalds
6. Fjárhagsáætlun til kynningar
7. Lagabreytingar
8. Tilkynningar um breytingar á skipulagsskrám og reglugerðum sjóða og staðfesting þeirra
9. Kjör/kosning formanns og varaformanns
10. Kjör/kosning stjórnarmanna og varamanna í stjórn
11. Kjör fulltrúa í fastanefndir, framboðsnefnd og stjórnir sjóða
12. Aðildarumsóknir
13. Breytingar á stefnu BHM
14. Önnur mál

Atkvæðagreiðsla skal fara fram um liði 1, 3, 4, 5, 7, 10, 11, 12 og 13.

Atkvæðagreiðsla um mál sem lögð eru fram undir öðrum málum fer eftir atvikum hverju sinni

3.7. Aukaaðalfundur

Formannaráð getur boðað til aukaaðalfundar með a.m.k. 2/3 hlutum greiddra atkvæða, ef brýna nauðsyn ber til enda sé tillögu um slíkt getið í fundarboði til formannaráðs. Formannaráð ákveður dagskrá aukaaðalfundar og skal kynna

aðildarfélögum dagskrána með minnst þriggja vikna fyrirvara. Ákvæði greinar 3.3. gilda um aukaaðalfund.

3.8. Stefnumótunarping

Þriðja hvert ár hið minnsta skal haldið stefnumótunarping eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir aðalfund. Formannaráð ákveður dagskrá stefnumótunarpings og stjórn BHM ber ábyrgð á framkvæmd þess.

Stefnumótunarping er vettvangur samráðs og stefnumótunar aðildarfélaga bandalagins. Niðurstöður þingsins skulu afgreiddar sem ályktanir og tillögur. Þær skulu teknar til umræðu og afgreiðslu á aðalfundi BHM.

Á stefnumótunarpingi á sæti einn fulltrúi fyrir fyrstu fimmtíu félagsmenn hvers aðildarfélags og tveir félagsmenn fyrir fyrsta hundrað félagsmanna. Auk þess skulu aðildarfélög tilnefna einn fulltrúa fyrir hvert byrjað hundrað félagsmanna umfram eitthundrað.

Listi yfir fulltrúa á stefnumótunarping, staðfestur af viðkomandi félagi, skal hafa borist skrifstofu BHM eigi síðar en viku fyrir stefnumótunarpingið.

IV. kafli: FORMANNARÁÐ

4.0. Hlutverk og skipan

Formannaráð fer með æðsta vald í málefnum BHM á milli aðalfunda. Því ber að huga að stærri og stefnumótandi ákvörðunum til fyllingar daglegri ákvarðanatöku sem er hlutverk stjórnar. Formannaráð veitir stjórn aðhald og veitir henni umboð til daglegs starfs á grundvelli stefnu sem mótuð er á stefnumótunarpingum og samþykkt á aðalfundum.

Í formannaráði eiga sæti formenn allra aðildarfélaga BHM. Stjórn BHM ásamt framkvæmdastjóra BHM situr almenna fundi formannaráðs og hefur málfrelsi og tillögurétt. Ef formaður aðildarfélags á sæti í stjórn BHM skipar hlutaðeigandi félag annan mann úr stjórn þess til setu í formannaráði. Forfallist formaður tekur varaformaður hans sæti eða annar tilnefndur fulltrúi viðkomandi félags. Skipun fulltrúa félags skal vera formleg í eitt ár hið minnsta.

4.1. Atkvæðavægi

Við atkvæðagreiðslu í formannaráði gildir einfaldur meirihluti við hefðbundna afgreiðslu mála.

Sé þess krafist fer fram atkvæðagreiðsla þar sem gildir að mál er samþykkt ef saman fer meirihluti aðildarféлага og fjöldi félagsmanna þeirra.

4.2. Viðfangsefni

Formannaráð fjallar um öll meiriháttar mál er varða sameiginlega hagsmuni aðildarféлага eða bandalagsins sem og árlega fjárhagsáætlun og starfsáætlun BHM.

Formannaráð afgreiðir starfsáætlun BHM til kynningar á aðalfundi. Einnig afgreiðir ráðið og samþykkir fjárhagsáætlun BHM að undangengnum tillögum stjórnar BHM.

4.3. Fundir

Formaður BHM ber ábyrgð á að fundir séu boðaðir í formannaráði og stýrir þeim. Reglulegir fundir ráðsins skulu boðaðir með dagskrá sem að jafnaði skal send út með einnar viku fyrirvara. Formaður skal með hæfilegum fyrirvara óska eftir tillögum frá formönnum aðildarféлага að dagskrárliðum hvers formannaráðsfundar.

Formannaráð skal á fyrsta fundi sínum eftir aðalfund setja niður fundartíma sína á starfsárinu. Það skal funda fjórum sinnum á ári hið minnsta, þar af einu sinni án þátttöku stjórnar BHM.

Til aukafunda formannaráðs skal boða ef þriðjungur þeirra sem sæti eiga í formannaráði eða meirihluti stjórnar krefst fundar. Slíkir aukafundir skulu boðaðir öllum fulltrúum í formannaráði með dagskrá og ályktunartillögum ef fyrir liggja.

Fundur formannaráðs telst löglegur ef boðað er til hans með sólarhrings fyrirvara.

V. kafli: STJÓRN

5.0. Skipan stjórnar

Stjórn skipa formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og þrír meðstjórnendur.

Formaður og varaformaður eru kjörnir sérstaklega með rafrænni kosningu en stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Ritari, gjaldkeri og meðstjórnendur skulu að jafnaði sitja í stjórnun aðildarféлага.

5.0.1 Kosning formanns og varaformanns BHM

Kjósa skal annað hvert ár formann til tveggja ára og það ár sem formaður er ekki kosinn skal kjósa varaformann til tveggja ára.

Formaður og varaformaður skulu kosnir í rafrænni kosningu meðal aðalfundarfulltrúa aðildarfélaga BHM. Rafræn atkvæðagreiðsla um kjör formanns og varaformanns skal fara fram eigi síðar en fjórum vikum fyrir aðalfund BHM. Ef aðeins einn býður sig fram til embættis formanns og/eða varaformanns skoðast viðkomandi sjálfkjörinn.

5.0.2 Kosning stjórnarmanna

Kjósa skal fimm stjórnarmenn til tveggja ára í senn á, tvo stjórnarmenn eitt árið og þrjú árið á eftir. Tveir varamenn í stjórn skulu kosnir árlega.

5.1. Kjörgengi

Allir fullgildir félagsmenn aðildarfélaga BHM, sem hlotið hafa skrifleg meðmæli stjórnar aðildarfélags síns, eru kjörgengir til stjórnar. Aðeins einn félagsmaður úr hverju aðildarfélagi getur verið í framboði til stjórnar hverju sinni eða setið í stjórn á hverjum tíma, að formanni BHM eða frambjóðanda til formanns bandalagsins frátöldum. Formaður BHM skal ekki sitja í stjórn aðildarfélags BHM eða gegna öðrum trúnaðarstörfum fyrir aðildarfélag. Hið sama gildir um varaformann ef hann tekur við embætti formanns. Enginn stjórnarmaður skal sitja lengur í stjórn en 8 ár í senn, fyrri stjórnarstörf formanns í stjórn BHM skulu þó undanskilin.

5.2. Kjörtímabil

Kjörtímabil stjórnar er tvö ár en kjörtímabil varamanna eitt ár.

Ef formaður hættir áður en ár er liðið frá kjöri tekur varaformaður sæti hans fram að næsta aðalfundi og skal þá kjósa formann til tveggja ára og varaformann til eins árs.

Verði sæti formanns laust rúmu ári frá kjöri tekur varaformaður sæti hans út kjörtímabilið og skal kjósa nýjan varaformann á næsta fundi formannaráðs.

Verði sæti varaformanns laust skal kjósa nýjan varaformann á næsta fundi formannaráðs og sitji út kjörtímabilið.

5.3. Hlutverk

Stjórn fylgir eftir lögum, samþykktum og stefnu BHM og er í fyrirsvari fyrir bandalagið út á við. Formaður BHM er málsvari bandalagsins. Stjórn tekur ákvarðanir um öll mál er varða daglega starfsemi bandalagsins í samræmi við lög þess og stefnu. Hún gerir formannaráði grein fyrir störfum sínum og ber undir það mikilvæg stefnumótandi mál. Stjórn setur sér starfsreglur/verklagsreglur sem endurskoða skal reglulega og kynna fyrir formannaráði.

Stjórn ræður framkvæmdarstjóra sem annast daglegan rekstur BHM. Stjórn setur formanni BHM og framkvæmdastjóra starfslýsingar og endurskoðar þær reglulega.

5.4. Stjórnarfundir

Formaður boðar stjórnarfundir eigi sjaldnar en hálfsmánaðarlega. Stjórnarfundir skal boða ef tveir stjórnarmenn óska og skal hann haldinn innan tveggja virkra daga frá því að ósk þess efnis er sett fram. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund og ræður einfaldur meirihluti úrslitum mála á stjórnarfundum. Ef atkvæði eru jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum. Forfallist stjórnarmaður á boðaðan stjórnarfund skal boða varamann í hans stað.

VI. kafli: NEFNDIR

6.0. Fastanefndir

Innan BHM starfa fimm fastanefndir:

6.0.1. Kjörstjórn skal skipuð þremur mönnum og einum til vara. Tveir nefndarmenn skulu kosnir á aðalfundi auk varamanns. Lögmaður starfandi hjá BHM skal taka sæti í kjörstjórn og vera formaður nefndarinnar.

Hlutverk kjörstjórnar er:

Að stýra rafrænni kosningu formanns og varaformanns.

Að stýra öðrum kosningum til trúnaðarstarfa hjá BHM, sbr. 2. mgr. 3.6. laga BHM.

Að undirbúa og stjórna atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun og kjarasamninga í samræmi við umboð viðkomandi aðildarfélags BHM.

Að undirbúa og stjórna öðrum atkvæðagreiðslum sem kveðið er á um í lögum BHM.

Að undirbúa og stjórna öðrum atkvæðagreiðslum sem formannaráð BHM felur kjörstjórn sérstaklega.

Kjörstjórn úrskurðar um úrslit í atkvæðagreiðslu, kjörskrárkærur, vafaatkvæði og önnur ágreiningsatriði sem upp kunna að koma í atkvæðagreiðslum sem hún sér um.

6.0.2. Kjara- og réttindanefnd, skipuð fimm fulltrúum, fjórum kjörnum á aðalfundi auk eins fulltrúa úr stjórn BHM. Að auki skal kjósa tvo varamenn á aðalfundi. Nefndarmenn velja úr sínum hópi formann nefndarinnar til eins árs í senn.

6.0.3. Þjónustu- og aðbúnaðarnefnd, skipuð þremur fulltrúum, tveimur kjörnum á aðalfundi auk eins fulltrúa úr stjórn BHM. Að auki skal kjósa einn varamann á aðalfundi. Nefndarmenn velja úr sínum hópi formann nefndarinnar til eins árs í senn.

6.0.4. Jafnréttisnefnd, skipuð fimm fulltrúum, fjórum kjörnum á aðalfundi auk eins fulltrúa úr stjórn BHM. Að auki skal kjósa tvo varamenn á aðalfundi. Nefndarmenn velja úr sínum hópi formann nefndarinnar til eins árs í senn.

6.0.5. Lagabreytinganefnd, skal skipuð fimm fulltrúum kjörnum á aðalfundi. Nefndarmenn velja úr sínum hópi formann nefndarinnar. Lögmaður BHM skal sitja fundi nefndarinnar og vera ritari hennar. Nefndin skal skila niðurstöðum sínum og tillögum til stjórnar BHM eigi síðar en sex vikum fyrir aðalfund. Hún sendir þær aðildarfélögum til kynningar minnst fjórum vikum fyrir aðalfund.

Hlutverk lagabreytinganefndar er:

Að kalla eftir tillögum aðildarfélaga til lagabreytinga, meta tillögur og draga saman niðurstöðu til frekari vinnslu ef við á.

Að fara yfir lög BHM og gera tillögur að breytingum ef tilefni er til.

6.1. Starfsemi

Formenn fastanefnda kalla nefndir saman, stjórna fundum og skila skýrslu um störf nefndarinnar til stjórnar í það minnsta einu sinni á ári í tengslum við aðalfund.

Auk kjörinna nefndarmanna sitja nefndarfundi formaður BHM sem og þeir starfsmenn bandalagsins sem koma að málum hverju sinni.

6.2. Opnir fundir

Opnir fundir fastanefnda sem fulltrúar allra aðildarfélaganna BHM mega sækja, skulu haldnir reglulega eða eigi sjaldnar en árlega. Markmið slíkra opinna funda er að gefa öllum félögum kost á að láta úrlausnarefni nefndarinnar til sín taka og koma sjónarmiðum á framfæri við nefndarmenn.

6.3. Sérskipaðar nefndir

Stjórn er heimilt að skipa tímabundið nefndir um einstök málefni eða málaflokka. Stjórn gefur út skipunarbréf til fulltrúa í slíkum nefndum, þar sem meðal annars koma fram starfsskyldur, skipunartími og umboð til nefndarstarfa.

VII. kafli: TILNEFNINGAR SAMKVÆMT LANDSLÖGUM EÐA REGLUGERÐUM

7.0. Tilnefningar

Formannaráð tilnefnir fulltrúa í ráð, stjórnir, sjóði og nefndir sem BHM hefur tilnefningarrétt til samkvæmt landslögum eða reglugerðum. Ef tilnefning er bundin starfi hjá tilteknum vinnuveitanda og nefndarmaður lætur af þeim störfum skal Formannaráð tilnefna annan í embættið í hans stað.

Láti fulltrúi í nefnd af störfum kýs stjórn nýjan í hans stað.

VIII. kafli: FJÁRMÁL

8.0. Árgjald

Öll aðildarfélög BHM greiða árgjald til bandalagsins sem aðalfundur ákveður. Árgjald er samsett annars vegar af fastri upphæð sem greidd er óháð stærð félags og hins vegar gjald sem reiknast sem hlutfallstala af launum hvers félagsmanns viðkomandi félags.

8.1. Gjald dagar

Gjald dagur fastagjaldsins er í mars ár hvert en hlutfallslega gjaldið skal greiða mánaðarlega.

8.2. Kynning og samþykki starfs- og fjárhagsáætlunar

Fyrir síðasta fund formannaráðs á hverju ári skal stjórn kynna drög að starfs- og fjárhagsáætlun og tillögur um breytingar á árgjöldum hafi þær komið fram. Drögin

skulu borin upp til samþykktar á fyrsta fundi formannaráðs á nýju ári. Starfs- og fjárhagsáætlun skal kynnt á aðalfundi og tillögur um breytingar á árgjöldum skulu bornar þar upp til samþykktar.

8.3. Reikningsár

Reikningsár er almanaksárið. Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram til staðfestingar á aðalfundi.

IX. kafli: LAGABREYTINGAR

9.0. Samþykki

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi BHM. Til að lagabreytingartillaga teljist samþykkt þarf hún að hljóta meirihluta greiddra atkvæða. Tillögur stjórnar og aðildarfélag BHM um lagabreytingar skal leggja fram og kynna á næstsíðasta fundi formannaráðs fyrir aðalfund.

X. kafli: BROTTVARF FÉLAGS

10.0. Úrsögn

Félag sem hyggur á úrsögn úr BHM skal tilkynna það stjórn bandalagsins skriflega og tekur úrsögn gildi frá og með næstu áramótum. Árgjald skal greiða til BHM út árið. Stjórn BHM skal gefinn kostur á að eiga áheyrnarfulltrúa með málfrelsi á félagsfundum aðildarféлага þar sem tillaga um úrsögn úr BHM er til afgreiðslu.

10.1. Brottvikning

Aðalfundur BHM getur vikið félagi úr bandalaginu hafi það vísvitandi brotið gegn lögum þessum, stefnu BHM, skaðað bandalagið á einhvern hátt eða liggja fyrir á annan máta að forsendur fyrir aðild þess séu brostnar.

10.2. Réttaráhrif brotthvarfs

Félag sem segir sig úr BHM eða er vikið úr bandalaginu missir öll réttindi í bandalaginu þegar brotthvarf tekur gildi. Fulltrúar þess félags missa og um leið umboð sitt til trúnaðarstarfa í þágu bandalagsins

Félag sem hefur sagt sig úr BHM eða verið vísað úr bandalaginu á ekki fjárkröfu á hendur BHM.

XI. kafli: GILDISTAKA

Framangreindar lagabreytingar, samþykktar á aðalfundi BHM 23. maí 2019 og framhaldsaðalfundi 20. júní 2019, taka þegar gildi.

XII. kafli: ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA

12.1. Þrátt fyrir ákvæði 3.2. skal formannaráð BHM á fyrsta fundi sínum eftir aðalfund 2019 skipa framboðsnefnd BHM.

12.2. Þrátt fyrir ákvæði 6.0.1. skal formannaráð BHM á fyrsta fundi sínum eftir aðalfund 2019 skipa fulltrúa í kjörstjórn BHM og einn til vara.

12.3. Þrátt fyrir ákvæði 6.0.2. skal formannaráð BHM á fyrsta fundi sínum eftir aðalfund 2019 skipa varamenn í kjara- og réttindanefnd BHM.

12.4. Þrátt fyrir ákvæði 6.0.3. skal formannaráð BHM á fyrsta fundi sínum eftir aðalfund 2019 skipa varamann í þjónustu- og aðbúnaðarnefnd BHM.

12.5. Þrátt fyrir ákvæði 6.0.4. skal formannaráð BHM á fyrsta fundi sínum eftir aðalfund 2019 skipa varamenn í jafnréttisnefnd BHM.